

Aðalfundur SDS

laugardaginn 17 apríl á Hótel Stykkishólmi

Helga Hafsteinsdóttir setti fund og bauð félagsmenn velkomna.

- 1. Fyrsti liður á dagskrá var **kosning fundastjóra** og hlaut Guðmunda Wium þann heiður. **Ritari** var valin Anna Sigr. Guðmundsdóttir.*
- 2. **Helga Hafsteinsdóttir formaður** las skýrslu stjórnar, (sjá meðfylgjandi skjöl í fundargerð) Spurningar um sameiningu við Foss, Hafnarfjörð og Vestfirði af félagsmönnum var svarað af Helgu*

***Dóra spyr;** Hvenær var áður rætt um sameiningu. **Svar;** 2004 og félagið var Kjölur. Sameining ekki samþykkt þá.*

***Signý spyr;** Græðum við á því að vera stærri eining? **Svar;** Samflot er að leysast upp og launanefnd mun varla hafa áhuga á litlum stökum félögum. Sameining FOSS, Hafnafjarðar og Vestfjarða, allt félög áþekk okkar mun gefa meiri fagmennsku og 100% meiri möguleika.*

Ókostir; Ekki svo slæmt.

skrifstofa SDS yrði áfram í 2-3 ár en heildin mundi nýtast betur með nýtingu fagaðila.

Ef að sameiningu verður er áætlað að um 15-1600 félagsmenn

Spurt var hvort félagsmenn gæfu stjórn SDS leyfi til viðræðna. Var það samþykkt einróma. Skýrsla stjórnar samþykkt einróma.

- 3. Kristín G Ólafsdóttir gjaldkeri fór yfir endurskoðaða reikninga , bls 5 og 9 í heftinu. Athugasemd kom frá Ástu Dóru um **aðrar skammtímaskuldir**, Kristín svaraði; leiðrétting á skilagreinum. **Ársreikningur samþykktur einróma.***

- 4. Skýrsla orlofsnefndar; Formaður Ásta Dóra Valgeirsdóttir.*

(Sjá meðfylgjandi grein) Spurningar sem Ásta fékk voru;

*stendur til að laga gólfið á WC herberginu í Munadarnesi? Það
braki svo í að öll sveitin vakni ef einn fer á wc.*

*Ásta svara að það hefði átt að laga þetta en kostnaður var miklu
meiri en ráð var gert fyrir og það látið bíða.*

*Spurning um; bæklínga með útileigukortinu, því miður er það ekki
en með Veðikortinu.*

Skýrsla orlofsnefndar samþykkt.

5. Tillögur stjórnar um félagsgjöld (sjá fylgiskjal)

1.5 % af Grunnlaunum (núna) eða 1% af heildarlaunum.

*Ásta Dóra spyr; getur það ekki hækkað gjöldin. Svar Helgu: getur
verið hærra hjá vaktavinnufólki.*

Samþykkt einróma að hafa félagsgjöld 1 % af heildarlaunum.

6. Lagabreyting SDS.

*Helga las lið fyrir lið og var með útskýringar við hverja þeirra og
samþykki við hverja þeirra.*

Lagabreytingar samþykktar einróma

7. Kosning meðstjórnenda í stjórn

***Tillögur; Guðmunda Wium, Ólafsvík og Erla Laxdal, Hellissandi
Samþykktar einróma.***

8. Önnur mál;

Erla Laxdal tók til máls og benti á að til væri kjörnefnd ef einhver vildi bjóða sig fram á móti stjórn á Aðalfundi.

Sigrún spurði; Hvernig skipast sæti í stjórninni, taldi að Munda og Erla væru báðar úr Snæfellsbæ en Munda telst til Ólafsvíkur og Erla til Hellissands. Hvert bæjarfélag á aðila í stjórn.

Spurning kom frá Búðardal; um að hafa Aðalfund á föstudagskvöldi.

Helga svarar; Umræður hafa alltaf komið upp og er talið að besta lausnin sé laugardagur, annars þyrfti fólk þá líka að taka frí á föstudegi þar sem rútufærðir á Aðalfund taka tíma.

Næsti Aðalfundur verður í Búðardal.

Munda lagði til að klappað væri fyrir þeim 4 herraönnum sem mættu á fundinn og var það gert. 75% félagsmanna eru konur, 25% karlmenn.

Helga þakkaði fyrir frábærann Aðalfund og frábæra þáttöku.

Fundi slitið 18:25.

Ritari; Anna Sigríður Guðmundsdóttir

